



ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

UNDIRBÚNINGUR FYRIR MYNDATÖKU

UNDIRBÚNINGUR

Hagnýt ráð sem fyrir alla sem ætla að taka eða láta taka vel heppnaðar eignamyndir.

Almennt er gott að hugsa um heimilið, fyrir svona myndatöku, eins og hótélherbergi og fjarlæga allt sem þú myndir ekki sjá þegar þú kemur í fyrsta sinn inn í fallett og nýsnyrt lúxus-hótélherbergi og svo göngum við bara aðeins lengra!

ALMENNT / ÖLL RÝMI

- Þrífið allt vel. Ryksugið eða þvoið gólf, hreinsið af borðflötum og hreinsið glugga og gluggakistur.
- Dragið alveg frá gluggum og hámarkið birtu í öllum rýmum.
- Kveikið öll ljós og skiptið um bilaðar perur.
- Slökkvið á skjáum, sjónvörpum og tölvum.
- Fjarlægið persónulega muni.
- Skiptið persónulegum myndum út fyrir almennar myndir.
- Fjarlægið mottur svo að gólf sjáist og njóti sín.
- Setjið flíkur og skó inn í skápa.
- Setjið smátt en litskrúðugt skraut á valda staði.

AÐKOMA OG GARÐUR

- Fjarlægið öll farartæki og færanlega hluti.
- Lokið bílskúrshurð(um).
- Gerið lóðina/aðkomuna eins snyrtilegan og hægt er.
- Fjarlægið tóma blómapotta eða gróðursetjið blóm.
- Hreinsið gangstéttar og hurðagáttir.
- Fjarlægið allt dót, leiktæki, ruslatunnur og annað lauslegt.
- Hreinsið sólpalla, gangið frá öllu lauslegu.
- Hreinsið heitapotta, sundlaugar eða aðra aðstöðu.
- Fjarlægið sláttuvélar, slöngur, snúrur eða annað lauslegt.
- Gott er að hafa nýlegt áklæði í stað veðraðra á húsgögnum.

ELDHÚS

- Hreinsið allt af borðflötum og þrífið vel.
- Hafið í mesta lagi eitt eldhústæki sýnilegt. (td. kaffikönnu)
- Hreinsið allt lauslegt af ísskápshurðinni.
- Fjarlægið ruslafötur og allt lauslegt af gólfi.
- Tæmið eldhúsvaskinn og þrífið hann vel.
- Strjúkið vel af öllum gljáflötum.



EIGNAMYNDIR.IS

VINSAMLEGAST ATHUGIÐ!

Það flýttir mjög fyrir myndatöku þegar vel er staðið að öllum undirbúningi.

Stundum þurfa ljósmyndarar að hreyfa smærri hluti til að ná sem bestum myndum en þá ganga þeir undantekningalaust frá þeim aftur.

Æskilegast að öllum undirbúningi sé lokið þegar ljósmyndari kemur svo ekki þurfi að færa neitt til.

Því betur sem þessum leiðbeiningum er fylgt því sölulegri verða allar myndir!

Eignamyndir.is

📍 Þórsgata 19
101 Reykjavík

✉ uppl@eignamyndir.is

☎ 7802040 / 8964896

BORÐSTOFUR OG STOFUR

- Hreinsið allt af borðflötum og þrífið vel.
- Setjið einn vel valinn og litrikan hlut á borðstofuborðið.
- Stillið öllum stólum vel upp og gerið snyrtilegt.
- Fjarlægið barnastóla eða annað aukalegt úr borðstofunni.
- Fjarlægið öll blöð eða lausar bækur
- Reynið að snyrta til í hillum eins og hægt er.
- Snyrtið til við og í arni ef hann er til staðar.
- Gangið snyrtilega frá púðum eða öðru í sófum
- Fjarlægið öll leikföng

SVEFNHERBERGI

- Búið um rúm, snyrtið ábreiður og setjið kotta eða eitthvað skrautlegt á rúmin ef það er til staðar.
- Því snyrtilegri sem rúmföt og lök eru, því betra.
- Fjarlægið allt af náttborðum annað en lampa.
- Fjarlægið öll rafmagnstæki og snúrur.
- Fjarlægið allt af hillum og skápum annað en almenna skrautmuni.
- Fjarlægið persónulegar myndir eða skiptið þeim út.
- Hreinsið öll svæði sem sjást á myndunum (undir rúmum, upp á hillum og skápum o.s.frv.)

BAÐHERBERGI

- Fjarlægið allt lauslegt og sjáanlegt, (Sápur, sjampó, klósettrúllur, handklæði snyrtidót o.s.frv.)
- Niður með klósettsetuna!
- Lokið öllum skápum.
- Hrein og samanbrotin handklæði mega sjást.
- Fjarlægið allar mottur af gólfum.
- Fjarlægið allt lauslegt úr sturtu og baðkari.

GEYMSLUR

Það er kostur ef það er hægt að sýna geymslurými sem best og þá þarf stundum að "létta aðeins á þeim". Þetta er þó ekki aðalatriði.

GÆLUDÝR

Það er betra að fjarlægja allt sem tilheyrir gæludýrum af öllum myndum.